

Tilmæli Kauphallarinnar varðandi vaxtareglu víxla

Kauphöllin hefur undanfarið leitast við að samræma venjur á íslenska skuldabréfa- og víxlamarkaðnum venjum sem viðhafðar eru á öðrum helstu mörkuðum. Tilgangur samræmingarinnar er einna helst að samstillja viðskiptahætti aðila markaðarins og jafnframt auðvelda innkomu erlendra fjárfesta. Með þennan tilgang að leiðarljósi hefur Kauphöllin gefið út nokkur tilmæli til markaðarins.¹

Til samræmis við alþjóðlegar venjur á peningamarkaði hefur Kauphöllin mælt til þess að víxlar séu verðlagðir samkvæmt „actual/360“ dagatalningaraðferðinni og síðan tilmælin voru gefin út hafa allar nýskráðar útgáfur með einkenni víxils² fylgt aðferðinni.

Kauphöllin telur fulla samræmingu við alþjóðlegar venjur á peningamarkaði mikilvæga og gefur nú út, að undangengnu umsagnarferli meðal markaðsaðila, tilmæli þessi varðandi vaxtareglu á víxlum. Vinsamlegast hafið samband við Brynjar Örn Ólafsson (brynjar.olafsson@omxgroup.com, s. 525-2856) sé nánari upplýsinga óskað.

Tilmæli: Víxlar verðlagðir miðað við einfalda vexti

Kauphöllin vill nú taka skrefið til fulls við að samræma venjur á peningamarkaði við helstu alþjóðlegar venjur. Lengi vel hafa íslenskir markaðsaðilar notast við vaxtavexti við útreikning á víxlum en Kauphöllin mælt til að víxlar verði verðlagðir samkvæmt einföldum vöxtum til samræmis við alþjóðlegar venjur. Samræmingin mun jafnframt auðvelda samanburð við millibankavexti sem reiknaðir eru út með línulegum hætti (m.ö.o. einfaldir vextir). Eins og kemur fram í töflu 1 er algilt á helstu mörkuðum að tímavirðisútreikningur á skammtímagreiðsluflæði með aðeins eina greiðslu í lokin notist við línulega eða einfalda vexti.

Tafla 1. Vaxtaregla á víxlum mismunandi ríkja

Land	Vaxtaregla
Ástralía	Einfaldir
Austurríki	Einfaldir
Bandaríkin	Einfaldir
Belgía	Einfaldir
Bretland	Einfaldir
Danmörk	Einfaldir
Finnland	Einfaldir
Frakkland	Einfaldir
Grikkland	Einfaldir
Holland	Einfaldir
Írland	Einfaldir
Ítalía	Einfaldir
Portúgal	Einfaldir
Pólland	Einfaldir
Spánn	Einfaldir
Svíþjóð	Einfaldir
Þýskaland	Einfaldir

Heimild: Le Grandville, Oliver de.: *Bond Pricing and Portfolio Analysis: Protecting Investors in the Long Run*, Moorad Coudhry, *The Bond & Money Markets: Strategy, Trading, Analysis*, viðeigandi lánasýslur, og Seðlabanki Íslands.

¹ Samanber „tilmæli Kauphallarinnar varðandi fjölda aukastafa í dagvísitölu og afleiddu uppgjörsverði“ útgefin 9.1.2007, „tilmæli Kauphallarinnar varðandi einkenni og útreikningsreglur skráðra skuldabréfa og víxla“ frá 23. ágúst 2006 og „tilmæli frá Kauphöllinni varðandi útreikning dagvísitalna“ útgefin 30. nóvember 2005.

² Með líftíma minna eða jafnt og 1 ár, aðeins eina greiðslu í lok líftíma, og verðlagðar á undirverði.